


Grunnmynd
M 1:50




Grunnmynd
M 1:50



Vistað 23.3.2021 16:51:53 Útprentun 14:51:07 e.h.

| ÚTG. | DAGS. | ÚTGÁFUFERILL | HANNAÐ | TEIKN. | YFIRF. |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |

## Steinsteypa

**Gæðakröfur - staðlar:**
Um eiginleika, framleiðslu og samræmi á steinsteypu gilda ákvæði ÍS EN 206-1:2000.
Sement skal fullnægja gæðakröfum FS ENV 197-1.
Steypuefni skal uppfylla kröfur ÍST10 og vera samkvæmt RB-blaði nr. Eq.002.
Fylliefni í steypu skal einnig uppfylla kröfur ÍST14 gr. 3.1.2.2.
sjá einnig 131.gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Gerð steypu er sett fram á forminu Caa/bb. Þar sem aa er sívalningstyrkur steypu í MPa og bb er teningsstyrkur steypu í MPa.

**Steypuflokkar í einstökum byggingahlutum:**

1) Sökklar og undirstöðuplattar - C25/30
2) Botnplata - C25/30
3) Veggir, bitar og súlur ofan botnplötu - C25/30

**Framleiðslukröfur steinsteypu:**
Eftirfarandi gildir skv. ÍST EN 206-1:2000:
Umhverfisflokkur 2b
Hámarks v/s hlutfall 0,55
Lágmarkssementsmagn 300kg/m³
Lágmarks loftmagn 5% fyrir 16mm hámarksnafnastærð korna í fylliefni.

Stífleiki steypu skal uppfylla kröfur í flokki S2 í ÍST EN 206-1:2000.
Sigmál skal vera á bilinu 50-70mm.

Stífleikaprófun skal mæla fyrir íblöndun þjálniefna.
Loftmæling skal fara fram við niðurlögn í mót, eftir dælingu og eða beint úr steypusílói.

Brotstyrkur skal mældur skv. ÍST EN 206-1:2000.

## Steypumót

**Nákvæmniskröfur:**
Steypumót skulu gerð samkvæmt kröfum í íslenskum staðli ÍST10.
Hreyfing, svignun móta undan steypuþunga skal vera innan við 0,2% af fjarlægð milli fastra punkta.

Nákvæmniskröfur við mótauppslátt:

| | |
| --- | --- |
| Staðsetning í plani og hæð | ±10mm |
| Þykkt sniði | 5% |
| Frávik frá lóðréttri línu | 0,3% |
| Staðsetning ísteyptra hluta | ±5mm |
| Frávik tveggja bolta í sömu festingu | ±1mm |

Frávik frá 3m réttskeið sem lögð er á sléttan flöt má mest vera:

| | |
| --- | --- |
| Veggir, bitar, súlur | ±5mm |
| Plötur undir ílögn | ±10mm |
| Vélslípaðar plötur | ±5mm |

Misgengi veggja á steypuskilum á sýnilegurm flötum má mest vera 3mm.

Mót skulu tekin út af umsjónarmanni og byggingafulltrúa áður en steypuvinna hefst.

**Fráslóttur og undansláttur:**
Mót og undirslátt má ekki rífa fyrr en steypan hefur fengið nægjanlegan styrkleika.
Hörðnunartími er mjög háður hitastigi, steypustyrk og raka.
Hliðarmót af bitum, veggjum og súlum má rífa jafnskjótt og steypan er orðin nógu sterk til að þola hnjaskið við fráslóttinn.
Undirslátt undan bitum og plötum má rífa þegar steypan hefur náð þeim hundraðshluta tilskilins brotþols sem álagið eftir undansláttinn er af leyfilegu heildarálagi.

**Niðurlögn - aðhlúun:**
Ekki má hefja steypuvinnu fyrr en steypuleyfi liggur fyrir og byggingaryfirvöld hafa tekið út mót og járnbendingu.

Um flutning og niðurlögn steypu gilda ákvæði ÍST EN 206-1:2000, kafli 10.
Einnig skal við steypuvinnu farið eftir leiðbeiningum á RB-blaði nr. Eq.008, "niðurlögn og aðhlúun steypu", 1987 auk ÍST10.

Lagþykkt steypu skal að jafnaði ekki vera meiri en 0,4 - 0,5m. Fallhæð skal ekki vera meiri en 3,0m og stighraði í mótum 0,5 - 1,0 m/klst.

Steypuskil skulu vera samkvæmt teikningum eða skv. fyrirmælum umsjónarmanns verkkaupa.

Titra skal alla steypu. Staftitrara skal halda því sem næst lóðréttum, stinga niður með jöfnu millibili 400-500mm og halda á hverjum stað í 5-15sek, eða þar til yfirborð steypu næst honum er orðið gljáandi. Titrari sé dreginn upp með jöfnum hraða. Ekki má flytja steypu til með titrara.

## Járnbending

**Frágangur járnbendingar - almennt:**
Járn víxlleggist með lágmarksskeytilengd (LS) út fyrir horn




**Viðbótarjárn við op:**
Ef járn í kringum op eru ekki sýnd á teikningum gildir eftirfarandi.
Ef hliðar opa eru minni en 200mm þarf engin viðbótarjárn.
Ef göt eru stærri gildir eftirfarandi skýringarmynd.




**Fjarlægðarklossar fyrir bendistál.**
Í mótum skal bendistál vera haldið í réttri fjarlægð frá mótum með fjarlægðarklossum.
Járn í plötu skal haldið með þar til gerðum stólum.
Minnsta bil milli fjarlægðarklossa og stóla.

| Járnaþvermál | Mesta fjarlægð |
| --- | --- |
| ø = 8-12mm | 0,7m |
| ø = 16-32mm | 1,0m |

0 1000 2000 3000 4000 5000
M 1:50 mm

20220542

EFLA

# Raðhús
Holtabraut 1-3
804

Burðarvirki
Sökklar grunnmynd
Skýringar

| TEIKNINÚMER | BLAÐSTÆRÐ | | |
| --- | --- | --- | --- |
| 2345-075 | A1 | HANNAÐ: | KG |
| 00-1-21-01 | | TEIKNAÐ: | KG |
| | | YFIRFARIÐ: | GH |

| DAGS. | MÆLIKVARÐI | ÚTGÁFA |
| --- | --- | --- |
| 26.02.2021 | 1:50 | A |

Útgáfunúmer og dagsetning aðaluppdráttar:
Hönnuður: -
~~Hönnunarstjóri:~~
Guðmundur Hjaltason kt. 070966-5579